




Lokun skrifstofu Langanesbyggðar

Skrifstofa Langanesbyggðar verður lokuð dagana 25. júlí - 5. ágúst n.k.
Skrifstofan opnar aftur kl 9:00 mánudaginn 08. ágúst.

Starfsfólk skrifstofu Langanesbyggðar



Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.
Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.
Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 3. ágúst 2016.
Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
29. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 27. júlí 2016

Orlofsnefnd KSNÞ auglýsir:

Orlofsferð húsmæðra

Farin verður ferð um Eyjafjarðarsvæðið dagana 4. og 5. ágúst n.k.
Gist verður á Siglunesi Siglufirði. Nokkur sæti enn laus.
Áhugasamar skrái sig fyrir **30. júlí** hjá Kristínu í gsm [615-6757](tel:615-6757)
(stina61@gmail.com) eða Hjördísi í gsm [8624068](tel:8624068)
(hjordis.henriksen@langanesbyggd.is)

Stjórnin

Fornir fimmtudagar

– Leiðarnes í Fnjóskadal

Fimmtudagskvöldið 28. júlí klukkan 18:30 fræðir Davíð Herbertsson gesti um Leiðarnes í Fnjóskadal. Mæting er við austari Vaglaskógarveg, ekið upp klaufina og stoppað þar. Þaðan verður gengið eftir leiðsögn Davíðs að Leiðarnesi við Fnjóská og skoðuð ummerki tengd mannvist frá fyrri tíð.

Áætlaður tími 1,5 – 2 klukkustundir.

Þátttaka er gjaldfrjál og öllum heimil.

Hið þingeyska fornleifafélag

Grunnskólinn á Bakkafirði, - kennarar óskast

Um tvær stöður er að ræða. Almennan grunnskólakennara vantar í fullt starf á unglíngastigi og leikskólakennara vantar við leikskóladeildina.

Grunnskólinn á Bakkafirði er samrekinn leik- og grunnskóli.

Einkunnarorð skólans eru *feegurð, gleði og friður*.

Við leitum að jákvæðum, faglegum og duglegum kennurum sem hafa mikinn áhuga á því að samþætta námsgreinar. Skólinn okkar er einstakur og mikil áhersla lögð á sjálfstæði og sköpun í námi. Meðal kennslugreina eru íslenska, stærðfræði, enska, danska og náttúrufræði.

Gerð er krafa um góða tölvukunnáttu væntra umsækenda. Nemendur unglíngastigs hafa sínar eigin spjaldtölvur og er áhersla lögð á að nýta þær við kennslu.

Áhugi á útikennslu er góður kostur. Í skólanum er náttúru- og samfélagsfræði kennd í svokölluðum vinnustofum sem hlotið hafa nýsköpunarverðlaun. Þar fá nemendur tækifæri á að vinna eftir áhugasviðum sínum og áhersla er lögð á að nemendur kynni verkefni sín fyrir foreldrum og öðrum gestum.

Mikil áhersla er lögð á leiklist og á hverju vori er sýnt stórt leikrit sem allir nemendur taka þátt í.

Með umsókn skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur. Gerð er krafa um hreint sakarvottorð.

Grunnskólakennari með leyfisbréf til kennslu eða kennararnemar í fjarnámi ganga öðrum umsækjendum framár. Laun fara eftir kjarasamningi KÍ og sveitarfélaganna.

Umsóknarfrestur er till. ágúst 2016 og skal umsóknum skilað skriflega til skólastjóra Maríu Guðmundsdóttir á maria@langanesbyggd.is.

Nánari upplýsingar veitir María Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 857-7400, heimasíða skólans: bakkafjardarskoli.is, facebooksíða skólans: Grunnskólinn á Bakkafirði



Að lesa blóm á þessum undarlega stað

Sýning sem fjallar um Vestur-Íslendinga sem tóku þátt í fyrri heimstyrjöldinni á árunum 1914-1918

Úr sendibréfi skrifað í Frakklandi mars 1917

„Ég legg hér með lítið þurrkað blóm... Í útjadrí rústanna, í barmi gamalli skotholu, leit ég fáeinar baldursbrár, hin fyrstu vorblóm sem ég hef séð í vor. Blóm þetta, gróandi á þessum rústum, er mér merki þess hreina og göfuga lífs, er mun vaxa upp úr rústum og blóðsúthellingum þessa stríðs. Ef það skyldi reynast satt, þá er verðið ekki of hátt.“

Lieut. Hallgrímur Jónsson
Mýri Bændalal



Safnahúsið á Húsavík

30. júlí - 30. ágúst 2016

Sýningarhöfundur: Kristín María Hreinsdóttir

Engin aðgangseyrir

Formleg opnun sýningar 30. júlí kl: 14

